

Vegna: Máls nr. 1171/2024, Bárðardalsvegur vestri (842-01) (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Bókun skipulagsnefndar 16. október 2024

Bárðardalsvegur vestri - umsagnarbeiðni vegna matstilkynningar - 2409056

Tekin fyrir beiðni frá Skipulagsstofnun um umsögn til ákvörðunar um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar framkvæmda sem felst í vegbótum á um 3 km kafla milli Hringvegur skammt sunnan brúar yfir Hróteyjarkvísl, að heimreið við Öxará í Bárðardal. Ný tvíbreið brú verður byggð við Öxará og vegurinn lagður klæðningu. Skipulagsnefnd telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum. Skipulagsnefnd telur að framkvæmdin skuli ekki háð umhverfismati að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Framkvæmdin er framkvæmdaleyfisskyld. Vakin er athygli á að auglýsing á að tillögu nýs aðalskipulags hefur ekki farið fram en vinnslutillaga þess var kynnt í upphafi árs. Málinu vísað til sveitarstjórnar.

Samþykkt

Sveitarstjórn staðfesti bókun skipulagsnefndar þann 24. október 2024

Höfundur: Anna Bragadóttir/anb@efla.is

Sent inn þann: 28.10.2024, **Fyrir hönd:** Þingeyjarsveit

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 15. nóvember 2024
Tilv.2024-09-26-1257

Efni: Varðar umsagnarbeiðni um tilkynningarskyldar framkvæmdir á Bárðardalsvegi vestri – mál nr. 1171/2024

Með erindi úr Skipulagsgátt, dags. 26. október 2024, leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu vegna tilkynninga til ákvörðunar um matsskyldu á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umsögnin varðar fyrirhugaða framkvæmd á Bárðardalsvegi vestri (842-01) og er málið nr. 1171/2024. Að mestu er um að ræða endurbyggingu núverandi vegar en einnig gerð nýrrar brúar yfir Öxará.

Miðað við forsendur málsins og fyrirbyggjandi gögn telur Fiskistofa að fjalla þurfi ítarlega um möguleg áhrif framkvæmdanna á lífríki í vatni, vatnsgæði og aðstöðu til veiði.

Fiskistofa er sammála þeim athugasemdum sem fram koma í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar (*“Áhrif af endurnýjunar brúar á Skjálfandafljóti, Rangá og Öxará á botn og lífríki í vatni”*), dags. í nóvember 2023, og einnig umsögn sömu stofnunar, dags. 23. október 2024. Mikilvægt er að haga framkvæmdum þannig að dregið sé sem mest úr áhrifum á lífríki í vatni og passa þarf að framkvæmdirnar leiði ekki til þess að óæskileg efni berist í vatnið.

Fiskistofa bendir einnig á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Sækja má um leyfið með rafrænum hætti á vefsíðu Fiskistofu: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>. Einnig er vakin athygli á því að með umsókninni skal fylgja álit viðkomandi veiðifélags og umsögn sérfræðings vegna hugsanlegra áhrifa framkvæmda á lífríki árinna eða aðstöðu til veiði.

Virðingarfyllst,
F.h. Fiskistofu

Hera Aradóttir

Hera K. Aradóttir
Sérfræðingur lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgatún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 28. október 2024
Málsnúmer: 202409-0054
IAS

Efni: Bárðardalsvegur vestri. Tilkynning til ákvörðunar matskyldu.

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsettu 26. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tilkynningu til ákvörðunarmatskyldu vegna Bárðardalsvegar vestri.

Vegagerðin kynnir fyrirhugaðar framkvæmdir á Bárðardalsvegi (842), milli Hringvegar (1-q6) og Öxarárvegar (8698-01) í Bárðardal í Þingeyjarsveit. Að mestu er um að ræða endurbyggingu núverandi vegar. Fyrirhugaður framkvæmdakafli er um 3 km langur og liggur milli Hringvegar (1-q6), skammt sunnan brúar yfir Hróteyjarkvísl, að heimreið við Öxará í Bárðardal. Ný tvíbreið brú verður byggð á Öxará og vegurinn lagður klæðningu. Í tengslum við framkvæmdina verður núverandi krossvegamótum Hringvegar(1) við Bárðardalsveg (842) og Hrifluveg (8657) breytt vegna öryggissjónarmiða. Það verður gert með þeim hætti að vegamót Hringvegar (1-q6) og Hrifluvegar (8657) verður hliðrað vestur fyrir vegamót Hringvegar (1-q6) og Bárðardalsvegar (842) (sjá teikningar 1-4). Áætluð efnispörf framkvæmdarinnar er um 40 þús. m³ og er efnistaka fyrirhuguð úr tveimur námum í landi Öxará og skeringum meðfram vegi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Framkvæmdasvæðið er utan verndarsvæða en á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þar sem vikið verður frá núverandi veglínu raskast hraun sem að mestu er hulið jarðvegi og vel gróið. Það er aðeins þar sem vegamót við hringveg verða færð að sést í hraun á yfirborði og hraunjaðar sem er nokkuð frá framkvæmdasvæðinu.

Fyrirhuguð efnistaka er úr tveimur námum í landi Öxará og eru þær báðar sýndar í námuvefsíða Vegagerðarinnar ([www.namur.vegagerdin.is](#)). Er annars vegar um að ræða setnámu, Öxará gil; sem er í notkun og er þar fyrirhugað að taka 10.500 m³ af efni sem er skilgreint sem botn- eða leysingarruðningur. Hin náman, Öxará, er ekki lengur í notkun en ófrágengin og þar er fyrirhugað að taka 17.500 m³ úr nokkuð vel gróinni aurkeilu. Afmarkað svæði er um 10 ha og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er þar m.a. að finna vistgerðir með mjög hátt verndargildi, eins og starungsmýravist og víðikjarrvist.


Fram kemur að lynghraunavist og fjalldrapamóavist, með miðlungs verndargildi eru algengastar þar sem veglínan verður færð og á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru þar líka sýndir litlir blettir með víðikjarrvist og starungsmýrarvist með mjög hátt verndargildi. Þess ber þó að geta að mikil óvissa er í vistgerðakortinu þegar unnið er í þetta stórum mælikvarða. Ef þessar vistgerðir er að finna á fyrirhuguðum námusvæðum eða í vegstæðinu er æskilegt að þeim sé hlíf eins og mögulegt mögulegt er.

Framkvæmdasvæðið er ekki á mikilvægu fuglasvæði en nokkuð getur verið af mófuglum í fjalldrapamóavist og lynghraunavist en um er að ræða lítið svæði og áhrif á fuglalíf verða væntanlega ekki mikil.



Það er mat Náttúrufræðistofnunar að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum og ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink that reads "Ingvar Atli Sigurðsson". The signature is written in a cursive style with a long, sweeping flourish at the end.

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.
Austursvæði

Sent í Skipulagsgátt

Húsavík 24-10 2024

Efni: : Mat á umhverfisáhrifum – Matsskyldufyrirspurn - Bárðardalsvegur vestri í Þingeyjarsveit
Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 26. september sl. þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

HNE bendir á mikilvægi þess að gera kröfur til verktaka á svæðinu að vélar og tæki séu í góðu lagi, og ekkert slíkt fari inn á svæðið nema að undangenginni skoðun Vinnueftirlits eða annara aðila sem til þess eru færir.

Niðurstaða: Af fyrirliggjandi gögnum er ekki að sjá að framkvæmdin komi til með að hafa varnaleg áhrif á svæðið og er það álit HNE að framkvæmdin þurfi ekki að fara í umhverfismat.

Jóhannes H Hauksson
Heilbrigðisfulltrúi
Austursvæði.

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði 23.10.2024
Málsnúmer: 2024-10-0319

Tilvísun: Fyrirspurn vegna matsskyldu. Bárðardalsvegur vestri (842-01) Hringvegur – Öxará.

Vegagerðin áformar breytingar á Bárðardalsvegi vestri. Sá hluti framkvæmdarinnar sem kemur til með að geta haft áhrif á lífríki í vatni eru annarsvegar þverun Öxarár auk annarra ótilgreindra þar sem ræsi verða sett og hinsvegar efnistaka.

Upphaflega stóð til að þverun Öxarár yrði með ræsi en samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er nú gert ráð fyrir þverun með tvöfaldri brú. Sú tilhögun mun væntanlega hafa mun minni áhrif en ef að um ræsi væri að ræða. Við athugun á Öxará á þeim stað sem gert er ráð fyrir nýrri þverun kom í ljós að Öxará fellur þar á grófu hrauni. Hraunið er talsvert mosagróið, botngerð fjölbreytt en slíkur botn er fágætur hér á landi og hentar vel til uppeldis seiða. Seiðamælingar voru gerðar á fyrirhuguðum þverunarstað og veiddust þar bæði laxa- og urriðaseiði í talsverðum þéttleika. Ljóst má vera að Öxará er mikilvæg fyrir uppeldi seiða laxa og urriða á vatnasvæði Skjálfandafljóts.

Vegna sérstöðu botngerðar Öxarár og mikils þéttleika seiða er eindregið hvatt til þess að sem allra minnst verði hróflað við botni Öxarár. Að öðru leyti er talið að lágmarka megi áhrif svo þau verði einungis staðbundin og tímabundin. Gert er ráð fyrir að ræsum verði komið fyrir þar sem vænta megi vatnsrennslis. Ekki liggja fyrir frekari upplýsingar frá Vegagerðinni en mikilvægt er að tilhögun sé þannig að ræsi rjúfi ekki samfellu vatns og verði fiskgeng ef fiskar eru í viðkomandi vatni.

Við framkvæmdir þarf sérstaklega að hafa eftirtalda þætti í huga til að lágmarka áhrif á lífríki.

- Framkvæmdaaðili skal gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn vatnsfalla og tjarna svo sem að grugga það upp að óþörfu.
- Hindra að olía, sement, steypa, smit frá vinnuvélum og tækjum eða önnur skaðleg efni berist í eða við vatn.
- Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið og umferð farartækja um vatn og vatnsfarvegi eins og kostur er.
- Ganga skal frá framkvæmdastað þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki.

Samkvæmt áætlun Vegagerðarinnar er efnistaka áætluð úr skeringum en auk þess úr námum á aurkeilum Öxarár neðan samnefnds bæjar. Efnisþörf er áætluð um 39.000m³ og þar af 21.500m³ úr aurkeilum við Öxará. Uppdrættir gera ráð fyrir því að efnistaka verði utan virks farvegar Öxarár og ætti því ekki að hafa áhrif á lífríki hennar. Ef efnisnámur verða nærri virkum farvegum, þá er mikilvægt að ekki verði grafið dýpra en sem svarar meðalvatnsborði.

Mikilvægt er að verktakar verði upplýstir um umhverfisáhrif og hvernig best sé að verki staðið. Lífríki og vistkerfi í vatni eru ekki jafn sýnileg og á landi þótt þar gildi flest sömu lögmál varðandi áhrif framkvæmda.

Niðurstaða

Af fyrirliggjandi gögnum er ekki að sjá að framkvæmdin komi til með að hafa varnaleg áhrif á lífríki í vatni svo fremi að framkvæmdirnar leiði ekki til þess að jarðefni, mengandi efni eða önnur óæskileg efni berist út í vatn.

Hafrannsóknastofnun telur að í ljósi fyrirliggjandi framkvæmdalýsingar, séu upplýsingar fullnægjandi til að meta áhrif fyrirhugaðrar framkvæmd á vatnalífríki og telur að áhrifin verði óveruleg, tímabundin og staðbundin.



Guðni Guðbergsson

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b, 105 Reykjavík

Selfossi, 22. október 2024
UST202409-295/K.B.B.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matsskyldufyrirspurn - Bárðardalsvegur vestri í Þingeyjarsveit

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 26. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Vegagerðin áformar framkvæmdir á Bárðardalsvegi (842), milli Hringvegar (1-q6) og Öxarárvegar (8698-01) í Bárðardal í Þingeyjarsveit. Að mestu er um að ræða endurbyggingu núverandi vegar. Fyrirhugaður framkvæmdakafli er um 3 km langur og liggur milli Hringvegar (1-q6), skammt sunnan brúar yfir Hróteyjarkvísl, að heimreið við Öxará í Bárðardal. Ný tvíbreið brú verður byggð á Öxará og vegurinn lagður klæðingu. Áætluð efnisþörf framkvæmdarinnar er um 40 þús. m³ og er efnistaka fyrirhuguð úr tveimur námum í landi Öxarár og skeringum meðfram vegi. Vegagerðin áætlar að framkvæmdir hefjist árið 2025 og þeim ljúki haustið 2026.

Markmið framkvæmdarinnar eru að bæta vegasamgöngur á Bárðardalsvegi vestri (842), auka umferðaröryggi og stuðla að greiðari samgöngum í Þingeyjarsveit.

Bárðardalsvegur vestri (842) er stofnvegur og er veghelgunarsvæði hans 60 m breitt, þ.e. 30 m út frá miðlínu til hvorrar handar.

Hraun

Framkvæmdasvæðið allt liggur í gegnum Bárðardalshraun, hraunið er eldhraun og er talið vera eldra en 8000 ára. Eldhraun telst til jarðminja og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 3. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Framkvæmdin felur í sér endur- og nýbyggingu núverandi Bárðardalsvegar og stór hluti framkvæmdasvæðisins er samkvæmt greinargerð raskað svæði vegna fyrri framkvæmda. Framkvæmdaraðilar telja að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði raskist 2,7 ha af hraunsvæði meðfram núverandi vegi, utan þess svæðis sem áður hefur verið raskað við vegagerð og aðrar framkvæmdir. Vegna færslu vegamóta Hringvegar(1-q6)/Hrifluvegar (8657) raskast auk þess um 0,3 ha af hraunsvæði.

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að þar sem svæðinu hefur þegar verið raskað með mannvirkjagerð, s.s. girðingum, vegslóðum, lögnum, vega- og brúargerð og efnistöku er gert ráð fyrir að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á verndarsvæði. Þeir

vegkaflar núverandi vega sem ekki nýtast að framkvæmdum loknum verða jafnaðir út og afmáðir í samráði við landeigendur. Um er að ræða samtals 1,2 ha af núverandi Bárðardalsvegi vestri (842) og 0,18 ha af núverandi Hrifluvegi (8657).

Í 61. gr. náttúruverndarlagna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað verði nánar um hraunið og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á því sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að ef framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum fyrir því að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvirkbæri sem verða fyrir röskun.

Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt er að finna leiðir við framkvæmdina sem raska sem minnst óröskuðum hraunum. Skoða ætti aðra valkosti þar sem hrauni sé ekki raskað til að ná markmiðum verkefnisins. Umhverfisstofnun tekur ekki undir það sem kemur fram í greinargerð um framkvæmdina að hún mun hafa óveruleg áhrif á hraunið en áætlað er að um 3 ha að óröskuðu hrauni raskast við framkvæmdina. Umhverfisstofnun telur að lagning

vegarins í hraunið hafi talsvert neikvæð umhverfisáhrif í för með sér á þeim svæðum þar sem er óraskað hraun fyrir. Röskun á hrauni er að stærstu leyti varanleg og óafturkræf.

Verndarsvæði

Skammt frá fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði er Goðafoss í Skjálfandafljóti. Fossinn var friðlýstur sem náttúruvætti þann 11. júní 2020.¹ Megin markmiðið með verndun svæðisins er að vernda sérstakar náttúruminjar, breytileika jarðmyndana og fossinn sjálfan, m.a. með því að viðhalda náttúrulegu vatnsrennsli í fossinn, vegna fegurðar og sérkenna og útivistargildis svæðisins. Svæðið er 0,224 km² að stærð.²

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er í nálægð við verndarsvæði umhverfis Goðafoss, sem er flokkað sem aðrar mikilvægar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Svæðið er nr. 521, en um það segir í náttúruminjaskrá:

521. Goðafoss, Ljósavatnshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Fossinn og gljúfrið neðan hans og næsta nágrenni. (2) Goðafoss er einn tilkomumesti foss landsins.³

Fram kemur í greinargerð að framkvæmdasvæðið verði að mestu innan veghelgunarsvæðis, nema við krossvegamót Hringvegur (1-q6)/Bárðardalsvegur (842)/Hrifluvegur (8657) og við nýtt brúarstæði Öxarár. Bárðardalsvegur vestri (842) er stofnvegur og er veghelgunarsvæði hans 60 m breitt, þ.e. 30 m út frá miðlínu til hvorrar handar. Fram kemur í greinargerð að verndarsvæðin séu langt frá fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og ekki sé gert ráð fyrir að þau verði fyrir nokkrum áhrifum. Fallist er á það að Goðafoss sé í töluverðri fjarlægð frá umræddu framkvæmdarsvæði. Hins vegar er verndarsvæðið umhverfis Goðafoss á tveimur stöðum í nálægð við framkvæmdarsvæðið. Við skoðun í kortasjá reynast mörk framkvæmdasvæðis vera í 100-150 m fjarlægð frá verndarsvæðinu.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við það hvernig framkvæmdasvæðið er afmarkað í þeim gögnum sem vísað er í. Á mynd 3 í greinargerð sem tekin er úr Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er fyrirhugað framkvæmdasvæði afmarkað á mjög stóru svæði sem nær langt inn á verndarsvæðið og einnig inn á friðlýst svæði Goðafoss. Á mynd 5 í greinargerð má sjá ítarlegri mynd af afmörkun framkvæmdasvæðisins og er svæðið þar utan við verndarsvæðið. Þar virðist framkvæmdasvæðið hins vegar ekki afmakað nægjanlega stórt og virðist svipað að breidd og eldri vegur. Æskilegt hefði verið að afmarka fyrirhugað framkvæmdasvæði í samræmi við veghelgunarsvæðið með skýrum hætti svo hægt væri að meta fjarlægð framkvæmdarinnar frá verndarsvæðinu með góðu móti.

¹ [Auglýsing um friðlýsingu Goðafoss sem náttúruvættis](#)

² [Kort af friðlýsta svæðinu](#)

³ [Náttúruminjaskrá á Norðausturlandi](#)

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við framkvæmdina verði gætt að verndarsvæðinu og að framkvæmdin teygi sig ekki inn á skilgreint verndarsvæði. Umhverfisstofnun telur að ef vandað er til verka muni framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á verndarsvæðið.

Ásýnd

Fram kemur í greinargerð að til að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði sem jákvæðust hafa ný brú og tilheyrandi vegtengingar verið hannaðar þannig að þær falli sem best að landslagi. Þá verður núverandi brú á Öxará fjarlægð að framkvæmdum loknum, sem og þeir kaflar núverandi vegar sem ekki verða endurbyggðir. Um er að ræða samtals um 13.600 m² eða 1,4 ha.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að hugað sé að ásýnd svæðisins að framkvæmd lokinni og gamla brúin ásamt vegköflum sem ekki verða endurbyggðir verði fjarlægðir. Óljóst er hvort að til stendur að fjarlægja stöpla brúarinnar líka við framkvæmdina. Þá vekur Umhverfisstofnun athygli á því að framkvæmdir við að fjarlægja eldri brú getur einnig valdið raski á lífríki Öxarár.

Vistgerðir og dýralíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúrvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands⁴ er innan framkvæmdasvæðisins m.a. vistgerðin fjalldrapamóavist líkt og fram kemur í greinargerð. Vistgerðin hefur miðlungs verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í vistgerðinni er að finna allríkulegt fuglalíf, algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), spói (*Numenius phaeopus*), heiðlóa (*Pluvialis apricaria*), lóuþræll (*Calidris alpina*) og rjúpa (*Lagopus mutus*). Umhverfisstofnun vekur athygli á því að spói, heiðlóa og lóuþræll eru ábyrgðartegundir Íslands.⁵

Nálægt núverandi brú yfir Öxará er auk þess að finna vistgerðirnar starungsmýrarvist og víðikjarrvist í litlum mæli. Vistgerðirnar eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Vistgerðirnar hafa að geyma ríkulegt fuglalíf. Þá er víðikjarrvist mjög rík af plöntutegundum, einkanlega æðplöntum en af þeim telst hún ríkust allra vistgerða.

Samkvæmt greinargerð eru villt spendýr á svæðinu, minkar, refir og mýs. Framkvæmdir verða að mestu á grónu hrauni og þar er líklegt að mófuglar séu mest áberandi.

⁴ <https://vistgerdakort.ni.is/>

⁵ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skal ávallt gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra.

Umhverfisstofnun fellst á að framkvæmdin geti haft tímabundin áhrif á dýralíf og að áhrifin séu óveruleg.

Efnistaka

Áætluð efnispörf framkvæmdarinnar er um 40 þús. m³ og er efnistaka fyrirhuguð úr tveimur námum í landi Öxarár og skeringum meðfram vegi. Gert er ráð fyrir að mest af efni komi úr námum en efni úr skeringum, um 11.000 m³, verður að mestu nýtt í fláafleyga og frágang.

Í óstaðfestu Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2022-2034 eru tvær námur sýndar í landi Öxarár í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Áætlað er að nýta þær báðar vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar þar sem þær hafa hvor um sig efni sem nýtist í mismunandi lög endurbyggðs vegar. Öllum lífrænum jarðvegi sem finnst á yfirborði náma og skeringa verður ýtt í haug áður en efnistaka hefst og hann geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur. Við frágang verður flutt til efni í jöðrum náma og skeringa til að aðlaga þær sem best að landinu í kring.

Umhverfisstofnun fellst á þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð að umhverfisáhrif efnistöku séu háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi skeringa/náma að efnistöku lokinni. Umhverfisstofnun telur að í ljósi nálægðar námanna við framkvæmdasvæðið og fyrirhugaðs frágangs að lokinni efnistöku séu umhverfisáhrif af efnistöku vegna framkvæmdanna óveruleg.

Brúarstæði

Fram kemur í greinargerð að ný brú mun liggja um 100 m neðar í farvegi Öxarár en núverandi brú. Auk þess kemur fram að lögð verði áhersla á að lágmarka allt rask sem Umhverfisstofnun telur mikilvægt. Þar má nefna að takmarka skal framkvæmdasvæðið eins og unnt er og koma í veg fyrir að olía, steypa, sement, og önnur skaðleg efni berist út í vatn. Þar sem framkvæmdasvæðið verður ekki tilgreint ítarlega fyrr en í útboðsgögnum er erfitt að leggja fyllilega mat á umhverfisáhrif af brúargerðinni en að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að skv. 56. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi árinna. Við framkvæmdina ber því að gæta þess að raska bakkagróðri á árbökkum Öxarár sem minnst.

Áhrif á vatn

Í umfjöllun um áhrif á vatnafar og lífríki Öxarár er ljóst að framkvæmdaraðili gerir sér grein fyrir mikilvægi vatnamála og að framkvæmdin sé í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Þó vill Umhverfisstofnun benda á nokkra þætti því tengdu.

Í kafla 5.7 í greinargerð er misræmi í töflu 6 og texta þar fyrir neðan um ástand og umhverfismarkmið þeirra vatnshlota sem eru á og við framkvæmdasvæðið. Umhverfisstofnun bendir á að efnafræðilegt ástand Öxarár er óþekkt. Vistfræðilegt ástand er mjög gott en sú ástandsflokkun byggir á líkindum og því er þörf á gögnum til að staðfesta ástandið. Efnafræðilegt ástand og magnstaða grunnvatnshlotsins Kinnarfell (102-68-G) er óþekkt en vatnshlotið hefur þau umhverfismarkmið að vera með góða magnstöðu og að efnafræðilegt ástand sé gott. Sama gildir um grunnvatnshlotið Hofs- og Nýjabæjarafrétt (102-286-G) en þar er ástand óþekkt (bæði efnafræðilegt ástand og magnstaða) og umhverfismarkmið eru að vatnshlotið hafi góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand.

Stofnunin bendir að auki á að í greinargerðinni hafa áhrif framkvæmdarinnar á þá gæðapætti sem notaðir eru til að meta ástand vatns ekki verið metin. Fyrir allar framkvæmdir sem geta haft áhrif á vatn þarf að vinna áhrifamat í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og í samræmi við markmið vatnaáætlunar 2022-2027.⁶ Þar kemur fram að öll vatnshlot eiga að uppfylla þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir þau. Markmiðin eru lagalega bindandi og má ástandi vatnshlota ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

Áður en hægt er að veita leyfi fyrir framkvæmdinni þarf að liggja fyrir mat á áhrifum hennar á vatnshlotin m.t.t. þeirra gæðapátta sem skilgreindir hafa verið fyrir straumvötn annars vegar og grunnvatn hins vegar (sjá töflu á [Umhverfisstofnun | Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar \(vatn.is\)](#)). Með matinu er ætlunin að kanna hvort framkvæmdin geti valdið því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki. Æskilegt er að áhrifamat á vatnshlot sé gert sem fyrst þegar undirbúningur framkvæmda hefst og sé því hluti af skipulagsferli og umhverfismatsferli. Áhrifamatið þarf að liggja fyrir áður en leyfisvinnsla hefst en leyfisveitendur skulu taka afstöðu til matsins við leyfisvinnslu.

Í áhrifamatinu þurfa að vera upplýsingar um:

- Vatnshlotin sem um ræðir (nafn og númer), ástand þeirra, núverandi álag og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á þá gæðapætti sem notaðir eru til að ástandsmeta vatnshlotin. Athuga skal að ekki er alltaf nauðsynlegt að gera ítarlegt mat á áhrifum á alla gæðapætti. Í sumum tilvikum eiga ákveðnir gæðapættir ekki við en þá þarf að færa rök fyrir því. Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna. Hafa þarf í huga bæði bein og óbein áhrif.

⁶ [Vatnaáætlun Íslands 2022-2027](#)

Jafnframt þarf að gera nánar grein fyrir áhrifum af völdum gruggmyndunar á líffræðilega gæðabætti, t.d. hryggleysingja og fiska.

- Hvort hætta sé á því að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna framkvæmdanna.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif.

Í kynningarskýrslunni kemur fram að haft verði samráð við Hafrannsóknastofnun um framkvæmdir og framkvæmdatíma. Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaraðila einnig á að hafa samráð við Hafrannsóknastofnun varðandi mat á áhrifum framkvæmdar á gæðabætti en sú stofnun hefur sérþekkingu á því sviði.

Ef áhrifamatið leiðir í ljós að ástand vatnshlots gæti mögulega versnað vegna framkvæmdarinnar getur framkvæmdaraðili, að uppfylltum öllum skilyrðum 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, óskað eftir heimild Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshloti.

Til þess að hægt sé að leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotin í samræmi við lög um stjórn vatnamála þarf að liggja fyrir áhrifamat þar sem fram fer mat á áhrifum á gæðabætti vatnalaga. Fram kemur í greinargerð að það sé mat Vegagerðarinnar að ekki sé hætta á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í ljósi þess að ekki hafi farið fram mat á gæðabáttum vatnalaga eru ekki forsendur til að meta það hvort framkvæmdin geti haft slík áhrif. Í ljósi þess telur Umhverfisstofnun að áhrif framkvæmdarinnar á vatn séu óljós.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun í greinargerð um möguleg umhverfisáhrif sem starfsemin getur valdið hafi verið fullnægjandi og að framkvæmdin komi ekki til með að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Tilvísun RARIK: 2024-10-0013

Dagsetning: 15.10.2024

Þingeyjarsveit

Umsögn RARIK. Bárðardalsvegur vestri (842-01), nr. 1171/2024

RARIK hefur mótekið erindi yðar dags. 26.9.2024 og hefur farið yfir tillöguna. RARIK vill benda háspennustreng sem liggur innan veghelgunar á umræddum vegakafla. Hafa þarf samráð við RARIK um breytta útfærslu og finna þarf nýja lagnaleið fyrir streng í gegnumsvæðið.

Með kveðju,
Rögnvaldur Guðmundsson



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun

Akureyri, 30. september 2024
MÍ202409-0128/ 6.07 / S.G.

Bárðardalsvegur: Umsögn vegna ákvörðunar um matsskyldu.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið bréf Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var umsagnar stofnunarinnar um hvort breyting á Bárðardalsvegi og fyrirhuguð efnistaka úr tveimur námum í landi Öxarár skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Minjastofnun hafði skrifað umsögn um málið fyrir Vegagerðina, sem fylgir með í gögnum Skipulagsstofnunar. Síðan sú umsögn var rituð er búið að hliðra veglínunni enn frekar í burtu frá skráðum minjum svo tryggt er að þeim verði ekki raskað.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreinda framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,

Sædis Gunnarsdóttir

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra